

## Myndbandaleikur Hjólað í vinnuna

Við hvetjum ykkur til þess að taka þátt í myndbandaleik Hjólað í vinnuna. Þið takið upp myndband af þátttöku ykkar í Hjólað í vinnuna og sendið okkur.

Myndbandið verður síðan birt á heimasíðu átaksins,

**[www.hjoladivinnuna.is](http://www.hjoladivinnuna.is).**

Þið getið tekið upp myndband af öllu mögulegu og sent inn, t.d. kynningu á ykkar liðum, sameiginlegum ferðum sem farnar eru á vinnustaðnum eða hverju því sem ykkur dettur í hug að gera ☺

***Dregið verður úr innsendum myndböndum þriðjudaginn 24. maí og hlýtur vinningshafinn vegleg verðlaun frá Reiðhjólaversluninni Erninum.***

Við hvetjum alla til þess að taka upp skemmtilegt myndband af sínum liðum og senda okkur og taka þar með þátt í að gera heimasíðuna líflegri og skemmtilegri ☺

Þú getur valið um þrjár leiðir til að senda okkur myndbandið þitt. Sjá hér fyrir neðan.

## Aukin orka – meiri kraftur – minni eyðsla



Samstarfsaðilar

## Myndböndin


Heimasíða Hjólað í vinnuna getur einungis birt myndbönd af youtube (www.youtube.com). Til þess að senda okkur myndband þarf því að setja myndböndin þar inn áður en hægt er að birta þau á heimasíðunni eða senda okkur það og við gerum það fyrir þig.

**Hér fyrir neðan eru þrjár leiðir sem hægt er að velja um ef þið ætlið að senda inn myndband.**


1. Ef þú hefur áður sett myndband inn á youtube þá sendir þú okkur slóðina á myndbandið á **kristin@isi.is**
2. Ef þú vilt ekki stofna þér þinn eigin aðgang að youtube, en getur sett myndbandið inn sjálf(ur) getum við sent þér notendanafn og lykilorð af okkar aðgangi sem þú getur skráð þig inná og sett myndbandið inn (Sjá nánari leiðbeiningar á næstu síðu)
3. Ef þú sérð þér ekki fært að setja myndbandið inn sjálf(ur) getur þú sent okkur það á netfangi **kristin@isi.is** og við sjáum um að koma myndbandinu á réttan stað.

## Að setja myndband á youtube:


Þú byrjar á því að færa myndbandið yfir í tölvuna og vista það þar. Síðan ferð þú inná **www.youtube.com**. Ef þú vilt nýta þér okkar aðgang sendir þú póst á **kristin@isi.is** og við sendum þér notendanafnið og lykilorðið. Eftir að þú hefur fengið lykilorðið sent velur þú "Sign in" sem er efst í hægra horninu (sjá mynd hér að neðan).




Þá færðu upp þessa síðu þar sem þú fyllir inn notendanafnið og lykilorðið og smellir svo á "Sign in":



Eftir að þú hefur skráð þig inn birtist þessi síða þar sem þú smellir á gula hnappinn sem á stendur "Upload"



Þá birtist þessi síða, þar sem þú smellir á "upload video", þar finnur þú myndbandið sem þú varst búin/n að vista og velur "open".



Þá kemur þessi síða upp þar sem myndbandið er byrjað að hlaðast inn á youtube. Hér fyrir neðan getur þú skráð nafn á myndbandið og sett stutta lýsingu með um þá sem eru á myndbandinu og fleira. Að því loknu velur þú "Save Changes".

**100\_5732.mov** Uploading Cancel

4:19 remaining 6.59 MB of 63.3 MB

Name, Description and Privacy Settings

**Title**  
100\_5732.mov

**Description**

**Tags**

**Category**  
Please select a category:

**Privacy**

Share your video with the world (Recommended)

Private (Viewable by you and up to 25 people)

Save Changes

Press "Upload Video" to select and upload another video file. Upload Video

AutoShare Options

Im  
mu  
co  
co  
yo  
The  
Gu  
vid  
By  
tha  
of  
vid

Þegar myndbandið hefur hlaðist inn birtist valmyndin hér að neðan. Í reitnum þar sem stendur URL er slóðin á myndbandið. Svertið þessa slóð, afritið hana og sendið á **kristin@isi.is**. Til þess að skoða myndbandið ykkar smelli þið á "Go to My Videos".

100\_5732.mov Success

Success: Your video settings have been successfully saved.

Name, Description and Privacy Settings Embed and Sharing Options

URL

Embed

Press "Upload Video" to select and upload another video file. Upload Video

Total videos uploaded: 1 Go to My Videos

**Gangi ykkur vel ☺**